

66. fundur í safna- og menningamálanefnd, þriðjudaginn 18. mars 2008 kl. 18:00.

Mættir: Eyþór Benediktsson formaður, Dagbjört Höskuldsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Heimir Jóhannsson, Ragnheiður Óladóttir og Erna Guðmundsdóttir.

Formaður setur fund.

1. Ljósmyndasafn.

Eyþór les bréf bæjarstjóra dagsett 28. febrúar 2008 varðandi fundargerð framkvæmdanefndar um ljósmyndasafn Jóhanns Rafnssonar dagsetta 13. febrúar 2008. Í bréfinu ítrekar bæjarráð að nefndin fari yfir drög að samþykktum um Ljósmyndasafn Stykkishólms.

Eyþór fer í gegnum það ferli sem verið hefur frá því að Sigurlína Sigurbjörnsdóttir hætti sem forstöðumaður Amtsbókasafnsins.

Drög að samþykktum fyrir Ljósmyndasafn Stykkishólms lögð fram og rædd af fundarmönnum.

Dagbjört leggur áherslu á mikilvægi þess að menn ræði málin á þeim nótum að hægt sé að leysa hlutina í allra sátt.

Magnús bendir á mikilvægi þess að Ljósmyndasafn Stykkishólms sé starfsrækt sem ein heild.

Dagbjört segist ekki tilbúin til að samþykkja fyrirbyggjandi drög að samþykkt fyrir Ljósmyndasafn Stykkishólms án þess að fram fari umræður við aðila í framkvæmdanefnd um safn Jóhanns Rafnssonar.

Heimir leggur til að upplýsingar fáiast frá framkvæmdanefnd um ljósmyndasafn Jóhanns Rafnssonar um það hvenær hún telur sig hafa lokið störfum sbr. 9. lið afhendingarbréfs safnsins.

Ragnheiður leggur áherslu á að vinnufriður sé um safnið og hefur haft samband við Sigurlínu um aðstoð sem hún er reiðubúin að veita og bæjarstjóri hefur samþykkt.

Eyþór leggur til að fundurinn samþykki fyrirbyggjandi drög en leggur áherslu á samræður og samvinnu framkvæmdanefndar og safna- og menningarmálanefndar. Samþykkt með þremur atkvæðum, Eyþórs Benediktssonar, Magnús A. Sigurðssonar og Ernu Guðmundsdóttur. Hafnað með tveimur atkvæðum, Dagbjartar Höskuldsdóttur og Heimis Jóhannssonar.

Dagbjört ítrekar að hún hafi ekkert út á drögin sem slík að setja en telur skipta miklu máli að náð verði sáttum og samvinnu við framkvæmdanefnd um ljósmyndasafn Jóhanns Rafnssonar. Ljósmyndir af mannlífi í samfélaginu eru dýrmætur menningararfur sem verður að hlúa vel að. Heimir Jóhannsson tekur undir þessi orð.

Aðrir nefndarmenn taka undir mikilvægi þess að aðilar vinni í sátt til þess að efla starfsemi Ljósmyndasafnsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:40.

Undirritað:

Eyþór Benediktsson,  
Dagbjört Höskuldsdóttir,  
Heimir Jóhannsson,  
Magnús A. Sigurðsson,  
Ragnheiður Óladóttir,  
Erna Guðmundsdóttir.